

18.5.2017

Fundur með stjórn foreldrafélags Akrasels kl.20:00

Mættir ; Laufey, Sjonni, Kristín og Guðrún sem ritaði fundagerð.

Sveitaferðin

Sveitaferðin gekk vandræðalega vel 😊. Góð þátttaka var og komu flestir foreldrar um kl.13. Sjonni og Laufey tóku á móti greiðslum og hefði það fýtt fyrir ef þau hefðu verið með þátttökulistana. Það var borgað fyrir 204.

Gestir gátu kíkt í fjárhúsin og einnig í fjöruna. Í boði voru kleinur og svalt.

Það sem þarf að hafa í huga fyrir næstu sveitaferð að ári er ;

Hafa skráninguna skýra t.d. nafn barnsins – foreldra og fjöldi annara barna. Spurning að vera með netkönnun.

Fulltrúar í stjórn þurfa að hittast fyrir sveitaferð og skipta með sér verkum.

Auglýsa að sveitaferðin sé á milli kl.13.00 til 15:00 þannig dreifist betur fjöldin sem kemur.

Flott að vera með ferðina á sunnudegi.

Hver fjölskylda borgar aldrei meira en 2000 kr. Þannig að sem flestir komist með í ferðina.

Mikilvægt að styðja við heimabyggð og versla kleinurnar hérna á Akranesi.

Sumarhátíðin

Ræddum margar hugmyndir en sumarhátíðin verður föstudaginn 30 júní, sem er föstudagurinn fyrir Írska daga, frá kl.14.00 til 16:00.

Það sem okkur datt í hug var að athuga með ;

Halla Mello og Góa /Fjaskaland (fá Anney til að tala við þá)

Töframaðurinn John ? (Sara ætlaði að ræða við hann)

Ágústa Eva/ Lína langsokkur (Laufey talar við hana)

Fá Maxi popp (Laufey reddar því)

Pylsur og Pylsubrauð (Akrasel pantar það)

Akrasel á eitt gasgrill, gott að fá eitt í viðbót frá foreldri.

Börnin búa til skraut til að skreyta garðinn.

Guðrún sér um góða veðrið 😊

Við ræddum það líka að þegar boðað er til funda að gera það í gegnum skilaboð á Fb. Reynum að muna það. Þar sem þessi fundur fór fram hjá nokkrum.

Við verðum í samskiptum á síðunni okkar fram að sumarhátíð, en hittumst ef þörf þykir

Ekki fleira gert fundi slitið kl.21:00

Guðrún Bragadóttir